

Nd.

454. Nefndarótt

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá 3. hluta fjárhagsnefndar (Jak. M.).

Það virðist auðsætt, að verulegur sparnaður muni geta orðið að því að sameina allan verslunarrekstur ríkisins. Yfirstjórn slíks fyrirtækis ætti á engan hátt að vera ofvaxin einum verulega hæfum manni, en auk þess mundi vafalaust mega spara talsvert fjá til skrifstofuhalds, ef skrifstofan væri sameiginleg fyrir allan verslunarreksturinn. Mundi t. d. að sjálfsgöðu nægja einn fjehirðir og til bókfærslu og brjefaskrifta mundi og þurfa færri menn. Þó að hvorugur núverandi forstjóra treysti sjer til þess að takast á hendur forstjórn al's verslunarrekstrarins, þá er auðvitað, að ríkisstjórnin er ekki við þá eina bundin, en mundi vafalaust geta fengið hæfan mann til að veita fyrirtækinu forstöðu. Hinsvegar er nú sjeð fyrir, að tóbaks- og véneinkasöllum muni nú verða haldið áfram um óyfirsjáanlegan tíma, og er því ekki fyrir hendi sú ástæða til að láta sameiningu-

una farast fyrir, að gera megí ráð fyrir því, að nokkuð verði dregið úr þessum
verslunarrekstri í náinni framtíð. En jafnvel þó að til þess kæmi á næstn kjör-
tímabilum, þá getur þetta þing á engan hátt borið fram slíkar spár sjer til af-
sökunar eða sem átyllu til þess að tefja fyrir þessari sameiningu.

Af framangreindum ástæðum legg jeg tii, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 26. apríl 1924.

Jakob Möller.